

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps

108. fundur.

Miðvikudaginn 10. ágúst 2011 kom hreppsnefnd Húnavatnshrepps saman til fundar á Húnavöllum kl. 13.00 Þóra Sverrisdóttir setti fundinn og stjórnaði honum. Jens P. Jensen ritaði fundargerð. Mæting á fundinn að öðru leyti samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. **Skýrsla sveitarstjóra.**
2. **Skólaakstur.**
3. **Málefni sameinaðs leik- og grunnskóla á Húnavöllum.**
4. **Fundargerðir:**
 - a) Fræðslunefndar Húnavatnshrepps dags. 6. júlí 2011.
 - b) Fjallskilaneftndar Auðkúluheiðar dags. 2. júlí 2011.
 - c) Sameiginlegs fundar Fjallskilastjórna Auðkúluheiðar og Grímstungu- og Haukagilsheiðar dags. 20. júlí 2011.
 - d) Stjórnar Brunavarna A-Hún. dags. 28. júní 2011.
 - e) Stjórnar Brunavarna A-Hún. dags. 6. júlí 2011.
 - f) Stjórnar Brunavarna A-Hún. dags. 14. júlí 2011.
 - g) Stjórnar Brunavarna A-Hún. dags. 15. júlí 2011.
 - h) Stjórnar Byggðasaml. um menningar- og atv.mál dags. 27. júní 2011.
 - i) Stjórnar SSNV dags. 7. júlí 2011.
5. **Bréf:**
 - a) Frá Umhverfissráðuneyti dags. 30.06.2011.
 - b) Frá Umhverfissráðuneyti dags. 04.07.2011.
 - c) Frá Húnaþingi vestra dags. 30.06.2011.
 - d) Frá Brunabótafélagi Íslands dags. 04.07.2011.
 - e) Frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga dags. 19.07.2011.
6. **Önnur mál.**

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 13.00

Samþykkt var að gera eftirfarandi breytingar á dagskrá fundarins: Fundargerð byggingarnefndar Húnavatnshrepps dags. 9. ágúst 2011, tekin fyrir undir dagskrárlið 4j). Fundargerð fjallskilaneftndar Auðkúluheiðar dags. 9. ágúst 2011, ásamt fjárhagsáætlun 2011, tekin fyrir undir dagskrárlið 4k). Fundargerð fjallskilaneftndar Grímstungu- og Haukagilsheiðar dags. 6. ágúst 2011, ásamt fjárhagsáætlun 2011, tekin fyrir undir dagskrárlið 4l).

1. Skýrsla sveitarstjóra.

Rætt um umsækjendur um skrifstofustarf hjá Húnavatnshreppi. Sveitarstjóri gerði tillögu um að Rannveig Lena Gísladóttir yrði ráðin í starfið. Jakob vék af fundi undir þessum lið. Tillagan var samþykkt með sex gr. atkvæðum.

Sveitarstjóri kynnti tilboð frá Firði ehf í jarðvegsskipti og lagningu klæðningar á bílplön á Húnavöllum og Dalsmynni samtals að upphæð 13.547 þúsund kr. Hreppsnefnd samþykkti samhljóða að taka fyrirbyggjandi tilboði. Sveitarstjóra falið að kanna fjármögnun verksins.

2. Skólaakstur.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps samþykkir í framhaldi af úrskurði kæruneftndar útboðsmála dags. 26. júlí 2011 um ógildingu ákvörðunar hreppsneftndar varðandi skólaakstur frá 27. apríl sl. ,að ganga að tilboði Þórhalla Haraldssonar í leið 1, Svartárdalur-Ártún, tilboði Bjarna Ingólfssonar í leið 2,

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps

108. fundur.

Blöndudalur-Svínadalur og tilboði Sverris Þórs Sverrissonar í leið 3, Langidalur-Svínavatn að austan. Samkvæmt útboðsgögnum er samningurinn gerður til þriggja ára.

Oddvita og sveitarstjóra falið að ræða við bílstjóra á akstursleiðum í Vatnsdal og Þingi og bjóða samning á grundvelli þess km gjalds sem fram kom í tilboði.

3. Málefni sameinaðs leik- og grunnskóla á Húnavöllum.

Sigríður Aadnegard, skólastjóri mætti til fundar. Hún gerði grein fyrir stafi sínu undanfarið vegna undirbúnings á skólastarfinu fyrir næsta skólaár. Rætt var um opnunartíma leikskóla.

4. Fundargerðir:

a) Fræðslunefndar Húnavatnshrepps dags. 6. júlí 2011.

Fram kemur í 2. lið fundargerðar að fræðslunefnd mælir með ráðningu Sigríðar Sif Gunnarsdóttur í starf á leikskóla. Hreppsnefnd samþykkti tillögu fræðslunefndar samhljóða. Fundargerðin að öðru leyti til kynningar.

b) Fjallskilaneftdar Auðkúluheiðar dags. 2. júlí 2011.

Athugasemd varðandi ristarhlið á Kolkustíflu hefur verið komið á framfæri við Vegagerðina. Lögð fram til kynningar.

c) Sameiginlegs fundar Fjallskilastjórna Auðkúluheiðar og Grímstungu- og Haukagilsheiðar dags. 20. júlí 2011.

Þóra Sverrisdóttir yfirgaf fundinn undir þessum lið. Jakob Sigurjónsson tók við stjórn fundarins. Björn Magnússon spurðist fyrir um hvort ekki hafi verið skipuð nefnd til að fara yfir þessi mál. Jakob gerði grein fyrir því að sú nefnd hafi verið óstarfhæf þar sem fulltrúar úr fjallskiladeild Auðkúluheiðar höfnuðu að starfa í nefndinni. Björn Magnússon yfirgaf fundinn undir þessum lið.

Fjallskilastjórnir Auðkúluheiðar og Grímstungu- og Haukagilsheiðar beina því til hreppsnefndar að leitað verði samkomulags um að kostnaðarskipting vegna girðingar að sunnanverðum Sauðadal milli Gilár og Marðarnúps annarsvegar og Sauðadals og Kötlustaða hinsvegar verði þannig að sveitarfélagið beri 1/3 af kostnaði, eigendur Gilár og Marðarnúps 1/3 og eigendur Sauðadals og Kötlustaða 1/3.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps leggur til, ef samkomulag næst um að girða framan Sauðadals, að farið verði í viðræður við landeigendur um kostnaðarskiptingu á þeirri girðingu.

Fjallskilastjórnirnar beina því til hreppsnefndar að hún skeri úr um það hvort farið skuli með Sauðadal sem upprekstrarland, sem fjallskiladeildirnar fari alfarið með stjórn á, eða hvort annað fyrirkomulag skuli viðhaft.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps fer ekki með úrskurðarvald í þessu máli, en leggur til að farið verði með upprekstur og smalanir samkvæmt hefðum þar um.

d) Stjórnar Brunavarna A-Hún. dags. 28. júní 2011.

Lögð fram til kynningar.

e) Stjórnar Brunavarna A-Hún. dags. 6. júlí 2011.

Lögð fram til kynningar.

f) Stjórnar Brunavarna A-Hún. dags. 14. júlí 2011.

Lögð fram til kynningar.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
108. fundur.

g) Stjórnar Brunavarna A-Hún. dags. 15. júlí 2011.

Lögð fram til kynningar.

h) Stjórnar Byggðasaml. um menningar- og atv.mál dags. 27. júní 2011.

Húnavatnshreppur hefur greitt framlag samkv. samþ. fjárhagsáætlun fyrir árið 2011, að upphæð 1. millj kr. til Heimilisíðnaðarsafnsins.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Magnús Sigurðsson yfirlög fundinn.

i) Stjórnar SSNV dags. 7. júlí 2011.

Lögð fram til kynningar.

j) Byggingarnefndar Húnavatnshrepps dags. 9. ágúst 2011.

Fundargerðin er í 6 dagskrárliðum og er hver dagskrárliður fyrir sig tekin til umfjöllunar og afgreiðslu.

Dagskrárliður 1: Erindi frá Umhverfisstofnun, umsókn um byggingarleyfi til að færa og setja upp upplýsingaskilti og bæt við göngupalla á Hveravöllum. Samþykkt samhljóða

Dagskrárliður 2: Erindi frá Sólveigu S. Einarsdóttur, umsókn um byggingarleyfi til að breyta þakformi og stækka efri hæð íbúðarhússins að Mosfelli í Svínadal. Gísli Hólm Geirsson vék af fundi undir þessum lið. Samþykkt með 5 atkvæðum.

Dagskrárliður 3: Erindi frá Guðlaugu M. Jónsdóttur, umsókn um byggingarleyfi til að reisa 15m² geymslu- og gestahús við hlið íbúðarhússins á Strjúgsstöðum. Samþykkt samhljóða

Dagskrárliður 4: Erindi frá Birni Magnússyni á Hólabaki, reyndarteikningar af starfsmannahúsi. Björn Magnússon vék af fundi undir þessum lið. Samþykkt með 5 atkvæðum.

Dagskrárliður 5: Varðar umsögn um drög að nýrri byggingarreglugerð. Hreppsnefnd tekur undir umsögn byggingarnefndar og felur sveitarstjóra að senda umsögnina til Mannvirkjastofnunar.

Dagskrárliður 6: Bréf frá Landvernd um vistvernd í verki, Lagt fram til kynningar.

k) Fjallskiladeildar Auðkúluheiðar dags. 9. ágúst 2011, ásamt fjárhagsáætlun 2011.

Fundargerðin lögð fram til kynningar. Hreppsnefnd samþykkti fjárhagsáætlunina.

l) Fjallskiladeildar Grímstungu- og Haukagilsheiðar dags. 6. ágúst 2011, ásamt fjárhagsáætlun 2011.

Fundargerðin lögð fram til kynningar. Hreppsnefnd samþykkti fjárhagsáætlunina.

5. Bréf.

a) Frá Umhverfissráðuneyti dags. 30.06.2011.

Efni: Þátttaka ungmenna í VII. Umhverfisþingi 14. október 2011.
Til kynningar.

b) Frá Umhverfissráðuneyti dags. 04.07.2011.

Efni: Varðar reglugerð um landsskipulagsstefnu.
Til kynningar.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
108. fundur.

c) Frá Húnaþingi vestra dags. 30.06.2011.

Efni: Boðið er til afmælishátíðar í Reykjaskóla þann 28. ágúst n.k. þar sem þess verður minnst að í ár eru 80 ár liðin frá upphafi skólastarfs að Reykjum í Hrútafirði.

Til kynningar.

d) Frá Brunabótafélagi Íslands dags. 04.07.2011.

Efni: Styrktarsjóður EBÍ og fulltrúaráðsfundur EBÍ

Til kynningar.

e) Frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga dags. 19.07.2011.

Efni: Drög að reglum um framlög úr jöfnunarsjóði til eflingar tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda.

Til kynningar.

6. Önnur mál.

Engin umræða fór fram undir þessum lið.

Fundi slitið kl. 17.30

Þóra Sverrisdóttir

Björn Magnússon

Jakob Sigurjónsson

Jóhanna E. Pálmadóttir

Magnús R. Sigurðsson

Gísli Hólm Geirsson

Ingibjörg Sigurðardóttir

Jens P Jensen